



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 30/2017

Prófanir á skoteldum KR-flugelda ehf.

I.

Málsmeðferð

1.

Neytendastofa fer með markaðseftirlit með skoteldum, sbr. 1. mgr. 33. gr. a. vopnalaga nr. 16/1998 með síðari breytingum og reglugerð nr. 952/2003, um skotelda með síðari breytingum. Í samstarfi við önnur stjórnvöld sem fara með markaðseftirlit með skoteldum á Evrópska efnahagssvæðinu tók stofnunin þátt í sameiginlegri aðgerð framangreindra eftirlita til að kanna með úrtaksskoðunum og eftirfarandi prófunum hjá faggiltri prófunarstofu hvort skoteldar sem hér á landi eru seldir og markaðssettir til neytenda uppfylli gildandi kröfur laga, reglugerða og samevrópskra staðla sem gilda um öryggi skotelda.

Þann 28. desember 2016 tók Neytendastofa tók sýni af tveimur mismunandi tegundum skotelda hjá KR- flugeldum ehf. sem sendir voru út til prófunar á prófunarstofuna LOM (Laboratorio official j.m. Madariaga) á Spáni. Tilgangur með framangreindri skoðun og sýnatöku er m.a. að kanna hvort skoteldar séu í samræmi við ákvæði vopnalaga nr. 16/1998, sbr. lög nr. 77/2015 um breytingu á þeim lögum svo og ákvæði laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og reglugerða settra samkvæmt þeim lögum svo og gildandi staðla.

Neytendastofa tók sýni af tveimur tegundum skotelda, 11 eintök af hvoru sýni fyrir sig, eða alls 22 eintök eins og krafist er samkvæmt stöðlum um prófun skotelda. Sýnishorn sem tekin voru til prófunar voru 11 eintök af „Stjörnuljós 70 cm (Art. No. KS-LSEP28)“ sem merkt var IS-10 og 11 eintök af „Tornado raketta“ sem merkt var IS-11. Alls voru 10 eintök af framangreindum skoteldum send til prófunar hjá LOM en einu eintaki var haldið eftir hjá Neytendastofu auk þess sem að eitt eintak var innsiglað og afhent KR-flugeldum til varðveislu þar til að prófun yrði lokið og endanleg niðurstaða fengist hvort vörunar uppfylli allar kröfur.

Framangreindar vörur eru prófaðar og kannað hvort að þær séu í samræmi við kröfur staðalsins:

- ÍST EN 15957-5:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 5: Kröfur um samsetningu og nothæfni“.



2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 11. apríl 2017, sendi stofnunin KR-flugeldum skýrslur um niðurstöður prófananna sem gerðar voru hjá LOM. Í bréfinu kom fram að eitt eintak sýnisins IS-10; Stjörnuljós féll á prófun og að skoteldurinn Rocket – Vulcan Tornado (raketta) hafi einnig fallið. Neytendastofa óskaði eftir sjónarmiðum og upplýsingar varðandi þau atriði sem þar koma fram í samræmi við þar tilgreindan frest auk þess farið þess á leit að KR-flugeldar myndu kynna niðurstöður prófananna fyrir framleiðanda vörunnar (Vulcan International Pyrotechnics).

Svar barst með tölvubréfi frá KR-flugeldum, dags. 24. maí 2017, og nánari skýringar með tölvubréfi dags. 26. júní 2017. Í svari KR-flugelda kemur fram að allur lager af vörunni IS-11 „Tornado raketta“ (KS-F1000P) hafi klárast um síðast liðin áramót en til væri á lager „Stjörnuljós 70 cm (Art. No. KS-LSEP28)“, sbr. sýni merkt IS-10. Þá kom fram að mögulega hafi raki í vöruhúsi KR-flugelda, þar sem stjörnuljósin voru geymd eftir að þau komu til landsins haft áhrif á prófunina. Í svarbréfinu er einnig að finna upplýsingar um að við framleiðslu á vörunum þá noti framleiðandi „Aðferðareining E – Gerðarsamræmi byggt á gæðatryggingu vöru“ sbr. ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins nr. 93/456/EBE.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar öryggi skotelda sem fluttir voru inn til landsins af KR-flugeldum. Skoteldarnir voru sendir í prófun til prófunarstofunnar LOM (Laboratoio official j.m. Madariaga) á Spáni. Niðurstöður prófananna leiddu í ljós að vörunar uppfylltu ekki öryggiskröfur í skilningi vopnalaga nr. 16/1998, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 77/2015, svo og ákvæðum laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, og opinbera markaðsgæslu, og gildandi staðla um flugeldavörur og sprengibúnað, ÍST EN 15957-5:2010 „flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 5: Kröfur um samsetningu og nothæfni“.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 16/1998 má einungis selja, framleiða og markaðssetja skotelda sem uppfylla kröfur laganna og reglna settra samkvæmt þeim. Í 3. mgr. 33 gr. a. laganna er til þess vísað að um skyldur framleiðanda og dreifingaraðila, eftirlit og málsmeðferð fari að öllu leyti eftir ákvæðum laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit og reglum settum samkvæmt þeim.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995 mega framleiðendur einungis markaðssetja öruggar vörur. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar:



„Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.“

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 134/1995 er um það fjallað hvað teljist örugg vara og til hvers skuli litið við mat á því hvort vara teljist örugg. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:

1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.

2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.

3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.

4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hættu af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.“

Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, er nánar tilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi laganna en þar segir:

„Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.“

Um skotelda gilda staðlarnir ÍST EN 15957 –1:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 1: Í orð; ÍST EN 15947-2:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 2: Flokkar og tegundir flugelda“; ÍST EN 15957 –3:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 3: Lágmarkskröfur um merkingar“; ÍST EN 15957 –4:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 4: Prófunaraðgerðir“ og ÍST EN 15957 –5:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 5: Kröfur um samsetningu og nothæfi“.



Í VI. kafla laga nr. 16/1998 eru ítarleg ákvæði um hvernig skoteldar skulu vera merktir en þar kemur m.a. fram að sá sem framleiðir, flytur inn eða verslar með skotelda eigi að sjá til þess að skoteldavörur séu merktar með sýnilegum, læsilegum og óafmáanlegum hætti á íslensku. Auk þessa er kveðið nánar á um merkingar í staðlinum ÍST EN 15957 –3:2010. Á nefnda skotelda vantaði nafn og heimilisfang framleiðanda, vörunúmer, lágmarksaldur notanda og lágmarksfjarlægð frá flugeldinum eftir tendrun.

Í 21. gr. laga nr. 134/1995 er kveðið skýrt á um skyldu Neytendastofu að afturkalla, taka af markaði eða banna sölu eða afhendingu á vöru, ef ljóst er að hún uppfyllir ekki reglur og kröfur sem gerðar eru um öryggi vöru enda sé ekki unnt að beita öðrum og vægari úrræðum. Þá er eftirlitsstjórnvaldi heimilt í tengslum við afturköllun, þegar vara er tekin af markaði eða bann sem það leggur við dreifingu og sölu á vöru að skylda dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti, ef nauðsyn þykir af eðli máls, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995.

2.

Athugasemdir KR-flugelda varðandi þá aðferðareiningu og prófanir sem notaðar eru af hálfu framleiðanda skv. aðferðareiningu E hefur ekki frekari þýðingu vegna úrlausnar í þessu máli. Rétt er þó að geta þess að prófun sem eftirlitsstjórnvöld framkvæma með aðstoð faggiltrar og tilkynntrar prófunarstofu og sem skráð er í NANDO gagnagrunn um aðila sem hafa fengið slíka viðurkenningu til gilda að öllu leyti við framkvæmd eftirlits og ganga því framfar framleiðsluprófunum sem þriðji aðili kann að hafa gert á framleiðslustað í samræmi við eigin gæðatryggingarkerfi. Sem fyrr segir hefur þó þetta atriði ekki frekari þýðingu við úrlausn í þessu máli eins og hér hagar sértaklega til.

Í prófunarskýrslu LOM kemur fram að eitt eintak sýnisins IS-10; Stjörnuljós féll á prófun skv. 6.4.2. Time of ignition (tími tendrunar). Gerð hefur verið grein fyrir því að enn eru til eintök af þessari vöru á lager KR-flugelda en einnig að mögulega hafi raki í vöruhúsi KR flugelda, þar sem stjörnuljósinn voru geymd eftir að þau komu til landsins haft áhrif á prófunina. Í ljósi þess að í prófunarskýrslu LOM kemur fram að eitt eintak féll með framangreindum hætti og á grundvelli áhættumatsgreiningar telur Neytendastofa ekki ástæðu til að setja sölubann á umrædd stjörnuljós eða gera KR-flugendum skylt að taka vöruna úr sölu. Neytendastofa leggur þó áherslu á að rík skylda er á KR-flugeldum að tryggja fullnægjandi geymslu og meðhöndlun vörunnar þannig að hún sé óskemmd þegar og ef hún verður seld til neytenda við næstu áramót. Loks skal þess getið að við skoðun Neytendastofu á umræddu sýni reyndust merkingar fullnægja gildandi kröfum og vera í lagi.

Í prófunarskýrslu LOM á sýninu IS-11; Rocket – Vulcan Tornado (raketta) kemur fram að skoteldurinn hafi fallið gagnvart ákvæði 7.2.11 Projected debris (fallandi efni). Þar sem þyngd efnis sem féll niður var yfir 100 g. getur það skapað alvarlega hættu fyrir neytendur á jörðu niðri. Við hönnun skotelda skal tryggt að það gerist ekki og telur Neytendastofa að um sé að ræða alvarlegan hönnunargalla á skoteldinum. Framangreindur skoteldur féll einnig á prófun



gagnvart ákvæði 7.2.3 Angle of ascent or flight (flugstefna) en slíkt getur valdið alvarlegum slysum, jafnt líkamstjóni sem og bruna á eignum. Neytendastofa telur að slíkur ágalli sé einnig alvarlegur og að KR-flugeldum beri að tryggja að skoteldar með slíka ágalla verði ekki settir á markað á Íslandi. Framleiðendum skotelda ber ávallt að afla framleiðsluvörum sínum EB-gerðarviðurkenningar, sbr. aðferðareining B í ákvörðun ráðsins nr. 768/2008/ESB, um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 93/465/EBE.

Í ljósi þess að framangreind vara er ekki lengur til á lager hjá KR-flugeldum telur Neytendastofa ekki ástæðu vera til þess að setja sölubann á framangreinda vöru. Neytendastofa telur því ekki ástæðu til frekari aðgerða að svo stöddu varðandi framangreinda vöru. Verði framangreind vara seld á ný næstu áramót ítrekar Neytendastofa að KR-flugeldum beri að tryggja að varan sé í fullu samræmi við gildandi kröfur varðandi hönnun, framleiðslu svo og meðhöndlun og geymslu vörunnar eftir að hún fer til flutnings og er afhent til neytenda.

III.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu“.

Neytendastofa, 12. september 2017

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir